

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um borgun til hreppstjóra fyrir upplestur á auglýsingum og eptirrit af úttektargjörðum. — 15. febr.

Í þóknanlegu brjefi, dags. 5. desember f. á., hafið þjer, herra amtmaður, borið undir úrskurð minn fyrirspurn frá umboðsmanni Munkaþverárklosturs um, hvort hann eigi að greiða hreppstjóranum í Hrafnagilshreppi af umboðstekjunum í fyrsta lagi gjald það, sem ákveðið er í lögum um borgun til hreppstjóra o. s. frv. 13. janúar f. á. 4. gr., fyrir að lesa upp á kirkjufundum auglýsingar um, að tvær umboðsjarðir væru lausar undan ábúð, og í öðru lagi 50 aura gjald fyrir eptirrit af úttektum á tveimur umboðsjörðum. Um hið fyrnefnda gjaldið hafið þjer tekið fram, að hreppstjórinn að yðar ætlun ekki muni vera skyldugur til samkvæmt stöðu sinni að lesa upp við kirkjur slíkar auglýsingar, og að honum því beri það gjald fyrir þetta verk, sem ákveðið er í áður nefndum lögum, en um hið síðar nefnda gjaldið hafið þjer látið þá skoðun yðar í ljósi, að þó að reglugjörð fyrir hreppstjóra 46. gr. b. 10 heimili þeim fyrir eptirrit af úttektum 50. a. fyrir hverja ör, þá sje eigi ákveðið neitt sjerstakt gjald í optnefndum lögum 13. janúar f. á., 8 gr. 1. lið, fyrir að rita úttektargjörð, og virðist því ritun hennar vera partur af sjálfu rjettarverkinu, og hreppstjórinn eigi geta heimtað sjerstakt gjald fyrir ritun úttektarinnar, en hvað sem þessu líði, þá sje kostnaðurinn við úttektir við ábúandaskipti á umboðsjörðum landssjóðinum óviðkomandi.

Um þetta vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að jeg er yður samdóma um, að hreppstjóranum í Hrafnagilshreppi beri borgun sú, sem ákveðin er í lögum um laun hreppstjóra 13. janúar f. á., 4. gr., fyrir að hafa lesið upp við kirkju auglýsingu um, að tvær umboðsjarðir væru lausar undan ábúð, og að hlutaðeigandi umboðsmanni sje heimilt að greiða honum þetta gjald og færa það til útgjalda í umboðsreikningi sínum, en að því er snertir borgun fyrir eptirrit af úttektargjörðum, þá er jeg yður að vísu samdóma um, að hreppstjórum ekki beri neitt sjerstakt gjald fyrir *bókun* úttektargjörðarinnar, en hins vegar verð jeg að álíta, að þeim beri borgun sú, sem ákveðin er í 46. gr. b. 10 í hreppstjórarreglugjörðinni fyrir *eptirrit* af slíkum gjörðum, frá þeim sem eptirritsins æskir, enda kemur það alls eigi í bága við lögin um laun hreppstjóra, sem ekki minnst á borgun fyrir eptirrit og ekki verða álitin að hafa gjört neina breytingu á hreppstjórarreglugjörðinni í því tilliti. Hafi því hreppstjórinn í Hrafnagilshreppi látið umboðsmanni Munkaþverárklosturs í tje eptirrit af úttektum á umboðsjörðum til afnota í þarfir umboðsins, ber umboðsmanninum að greiða honum hina ákveðnu borgun fyrir þessi eptirrit og færa borgunina til útgjalda í umboðsreikningnum.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um styrk til prestaekknna. — 18

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. þ. mán., 20. febr. fellst jeg á, að þeim 2500 kr., sem fyrir árið 1883 eru veittar til prestaekknna og barna í 13. gr. A. b. 5. í fjárlögum fyrir árin 1882 og 1883, verði skipt milli neðannefndra prestaekknna á þann hátt, að hver þeirra hljóti þá upphæð, sem nú skal greina:

1. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri 80 kr.
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum 30 —
3. Helga Guðmundsdóttir frá Eyðölum 40 —
4. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað 60 —
5. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini 40 —

Flyt 250 kr.

6. dag marzmánaðar 1883.

18 20. febr.		Fluttar:	250 kr.
	6. Oddný Fr. Pálsdóttir frá Kálfafellsstað	60	—
	7. Jóhanna A. Lúðviksdóttir, nú í Reykjavík	50	—
	8. Guðrún Pjetursdóttir, nú í Miklaholti	40	—
	9. Guðrún Ingvarsdóttir á Gularási	50	—
	10. Guðrún Þorvaldsdóttir frá Reynivöllum	50	—
	11. Solveig Einarsdóttir, nú í Miðskála	30	—
	12. Halla Ingvarsdóttir á Torfastöðum	60	—
	13. Ingibjörg Thórarensen frá Stokkseyri	30	—
	14. Steinunn Melsteð frá Klausturhólum	60	—
	15. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum, nú í Sauðagerði	80	—
	16. Helga Magnúsdóttir, nú í Reykjavík	50	—
	17. Margrjet Narfadóttir, nú í Reykjavík	80	—
	18. Elín Scheving, nú í Reykjavík	80	—
	19. Guðlaug Eiríksdóttir, nú í Viðey	50	—
	20. Halldóra Jónasdóttir á Grímsstöðum	40	—
	21. Margrjet Magnúsdóttir, nú í Stórholti	40	—
	22. Halldóra Jónsdóttir á Ingjaldshóli	50	—
	23. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	40	—
	24. Helga Árnadóttir, nú á Melum	40	—
	25. Elín Einarsdóttir, nú í Bæ	70	—
	26. Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal, nú á Stað	40	—
	27. Valgerður Benjamínsdóttir frá Gufudal	50	—
	28. Sigríður Ingimundardóttir, nú í Dufansdal	60	—
	29. Helga Arnfinnsdóttir, nú í Djúpadal	50	—
	30. Sigríður Oddsdóttir, nú í Ytrihúsum	70	—
	31. Guðrún Pálsdóttir, nú á Stað í Aðalvík	50	—
	32. Anna Guðmundsdóttir á Borðeyri	40	—
	33. Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað, nú í Garpsdal	95	—
	34. Guðrún Ólafsdóttir á Árnesi í Strandasýslu	50	—
	35. Elísabet Jónsdóttir, nú í Hafnarfirði	50	—
	36. Guðrún Finnbogadóttir, nú á Völlum	50	—
	37. Sigurbjörg Jónsdóttir á Tjörn	50	—
	38. Sigríður Björnsdóttir í Hvammi	42	—
	39. Marin Nielsdóttir frá Höskuldsstöðum	60	—
	40. Steinun Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum	80	—
	41. Guðrún Thorlacíus á Hafsteinsstöðum	40	—
	42. Þóra Sigurðardóttir á Miðsetu	30	—
	43. Katrín Jónsdóttir Norðmann á Langhúsum	30	—
	44. Valgerður Þorsteinsdóttir á Laugalandi	25	—
	45. Eggþóra Eggertsdóttir á Möðruvöllum	30	—
	46. Kristjana Pálsdóttir, nú á Nunnuhól	20	—
	47. Málfríður Jónsdóttir á Hóli	70	—
	48. Guðrún Jónasdóttir á Höfða	60	—
	49. Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík	26	—
	50. Guðrún Brynjúlfson í Kaupmannahöfn	32	—

Jafnframt því að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir 18 hlutaðeigendum, get jeg þess, að jeg í dag hefi ritað landfógetanum um útborgun fjár 20. febr. þessa.

Áætlun

19
26. febr.

um IV.—VIII. ferð landpóstanna 1883 og I.—III. ferð þeirra 1884.

Póstleiðirnar.	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.								
		1883					1884			
		IV.	V.	VI.	VII.	VIII.	I.	II.	III.	
I. milli Ísafjarðar og Reykja- víkur.	Ísafjörður	8. júní	14. júlí	18. ág.	27. sept.	8. nóv.	11. jan.	3. marz	21. apr.	
	Vatnsfjörður	9. —	16. —	19. —	28. —	9. —	12. —	4. —	22. —	
	Bær	10. —	17. —	20. —	29. —	10. —	13. —	5. —	23. —	
	Márskelda	11. —	18. —	21. —	30. —	11. —	14. —	6. —	24. —	
	Hjarðarholt	12. —	19. —	22. —	1. okt.	12. —	15. —	7. —	25. —	
	Arnarholt	14. —	21. —	24. —	3. —	14. —	17. —	9. —	27. —	
A. frá Ísafirði.	Hestur	14. —	21. —	24. —	3. —	14. —	17. —	9. —	27. —	
	Saurbær	15. —	22. —	25. —	4. —	15. —	18. —	10. —	28. —	
	Mosfell	15. —	22. —	25. —	5. —	16. —	19. —	11. —	28. —	
B. frá Reykjavík,	Reykjavík	28. júní	4. ág.	5. sept.	20. okt.	4. des.	5. febr.	26. marz	7. maí	
	Mosfell	28. —	4. —	5. —	20. —	4. —	5. —	26. —	7. —	
	Saurbær	29. —	5. —	6. —	21. —	5. —	6. —	27. —	8. —	
	Hestur	29. —	5. —	6. —	21. —	6. —	7. —	28. —	8. —	
	Arnarholt	30. —	6. —	7. —	22. —	7. —	8. —	29. —	9. —	
	Hjarðarholt	2. júlí	8. —	9. —	24. —	9. —	10. —	31. —	11. —	
	Máskelda	2. —	8. —	9. —	25. —	10. —	11. —	1. apríl	12. —	
	Bær	3. —	9. —	10. —	26. —	11. —	12. —	2. —	13. —	
	Vatnsfjörður	4. —	10. —	11. —	27. —	12. —	13. —	3. —	14. —	
II. 1. milli Akur- eyrar og Reykja- víkur.	Akureyri	8. júní	14. júlí	18. ág.	27. sept.	8. nóv.	11. jan.	3. marz	21. apr.	
	Möðruvellir	8. —	15. —	18. —	27. —	8. —	11. —	3. —	21. —	
	Steinsstaðir	9. —	16. —	19. —	28. —	9. —	12. —	4. —	22. —	
	Víðim. (Miklib.).	10. —	17. —	20. —	29. —	10. —	13. —	5. —	23. —	
	Bólstaðarhlöð	10. —	17. —	20. —	29. —	10. —	13. —	5. —	23. —	
	Blönduós	11. —	18. —	21. —	30. —	11. —	14. —	6. —	24. —	
	Sveinsstaðir	12. —	19. —	22. —	1. okt.	12. —	15. —	7. —	25. —	
	Lækjamót	12. —	19. —	22. —	1. —	12. —	15. —	7. —	25. —	
	Staðarbakki	13. —	20. —	23. —	2. —	13. —	16. —	8. —	26. —	
	Staður í Hrútaf.	14. —	20. —	23. —	3. —	14. —	17. —	9. —	27. —	
	Arnarholt	16. —	22. —	25. —	5. —	16. —	19. —	11. —	29. —	
	Hestur	16. —	22. —	25. —	5. —	16. —	19. —	11. —	29. —	
	Saurbær	17. —	23. —	26. —	6. —	17. —	20. —	12. —	30. —	
	Mosfell	17. —	23. —	26. —	7. —	18. —	21. —	13. —	30. —	